

# Héraðsnefnd Árneseinga

## 57. fundur

haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka  
24. október 2012.

1. **Oddviti, Gunnar Þorgeirsson**, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Það ber helst til tíðinda, að héraðsráð vinnur að tillögu um stofnsamning Héraðsnefndar Árneseinga bs., varðandi rekstur og önnur málefni undirstofnana HÁ. Liggja drögin fyrir fundinum. Mun tillagan taka mið af þeim umræðum sem hér fara á eftir, en verður svo send sveitarfélögunum til umfjöllunar og er stefnt að því að nýr samningur geti tekið gildi um áramót.
2. Farið ítarlega yfir **samningsdrög** sem fyrir liggja. Var um þau skörp og málefnaleg umræða. Málinu ekki vísað til umfjöllunar í nefnd, en nánast allir fundarmenn komu með margvíslegar ábendingar um ýmis atriði sem hafa þyrfti í huga. Ábendingar skráðar til minnis fyrir héraðsráð, sem vinnur áfram að málinu. Einnig lá fyrir fundinum **tillaga að samþykktum Brunavarna Árneseyslu**, en nú er öll sýslan með beina aðild þar. Samræma þarf samþykktir BÁ að endanlegri niðurstöðu samningstillögu HÁ þegar þar að kemur.
3. **Fundargerð héraðsráðs** nr. 178 rædd og staðfest samhljóða.
4. **Fundargerðir stofnana til kynningar:**
  - a) **Byggingarnefnd FSU** nr. 1, 2 og 3. Bréf frá byggingarnefnd lagt fram, dags. 23. okt 2012, þar sem velt er vöngum yfir tilhögun greiðslna sveitarfélaganna vegna **byggingar verknámshúss**, sem loks er í sjónmáli. Héraðsnefnd samþykkir að fjármunir sem þegar hafa verið greiddir í sjóð í þessu skyni verði notaðir fyrst, og ekki sé meira greitt í þann sjóð fyrr en árið 2014. Lögðu fundarmenn áherslu á að húsið ætti ekki að vera skrauthýsi, en þjóna fyrst og fremst vel tilgangi sínum.
  - b) Byggðasafn Árneseinga nr. 11, 12 og 13.
  - c) Listasafn Árneseinga dags, 15. okt.
  - d) Héraðsskjalasafn Árneseinga dags. 3. okt.
5. Ársskýrsla og fundargerð **Búfjárefntirlitsnefndar**. Ragnar Magnússon skýrði málefni þeirrar nefndar. Ábyrgð sveitarfélaganna á búfjárhaldi gæti lokið um áramót og farið yfir til MAST. Frumvarp þess efnis er fyrir Alþingi. Héraðsnefnd Árneseinga hyggst fylgjast vel með málalyktum.

6. **Erindi vegna fjallskilasamþykktar.** Skilgreining á því „hvað sé jörð“ liggur ekki beinlínis á lausu, þrátt fyrir marga pappíra þar um. Ari Thorarensen og Aðalsteinn Sveinsson ræddu málefnið. Héraðsráði falið að fara betur í saumana á þessu máli og fá afdráttarlausari svör.

## 7. Innlegg forstöðumanna og fjárhagsáætlanir þeirra.

- a) Robert Darling skólastjóri og Helga Sighvatsdóttir lögðu fram ítarlega og vandaða skýrslu **Tónlistarskóla Árnesinga**, sem gerður var góður rómur að. Skólastarf er með hefðbundnum hætti og aðsókn sem aldrei fyrr. Vonir eru bundnar við að hægt sé að kenna í svokallaðri rytmiskri deild í haust.
- b) Þorsteinn Tryggvi Músson kynnti starfsemi **Héraðsskjalasafns Árnesinga**. Skrásetning gagna gengur mjög vel, og alltaf eru möguleikar margvíslegrar tölvuvinnslu að aukast og styrkjast. Mjög þröngt er um safnið og starfsmenn og þarf nauðsynlega að hyggja að því fyrr en síðar.
- c) Formaður **Almannavarna Árnessýslu**, Ásta Stefánsdóttir, kom á fundinn og ræddi málefnið vítt og breitt. Í því sambandi kom fram, að þrátt fyrir að áætlanir liggi fyrir um aðgerðir þegar ýmsa vá ber að höndum, þá sé til dæmis ekki ljóst hvernig brugðist yrði við stórkostlegum sjóskaða, ef skemmtiferðaskip færir svo dæmi sé tekið.
- d) Að loknum þrýðis hádegisverði fór Lýður Pálsson forstöðumaður **Byggðasafns Árnesinga** með héraðsnefndarmenn í skoðunarferð um safnahúsin á Eyrarbakka, eftir því sem tími vannst til. Ljóst er að alltaf er þörf á betra viðhaldi eignanna. Einnig endurskoðun þjónustusamnings sem orðinn er 10 ára. Sagði hann síðan frá heimsókn sinni til Norðurlandanna þar sem hann skoðaði fjölda safna. Ræddi sýningar sem verið hafa á árinu í safninu, og aukin tengsl við skóla. Varðandi **Minjasafnið í Gröf**, þá liggur fyrir skoðun og úttekt Þjóðminjasafns á því frá í vor, í gögnum fundarins. Stjórn Byggðasafns leggur til í fundargerð frá 26. júní sl. að safnið falli undir Byggðasafn Árnesinga ef safnkostur og húseignir safnsins verði afhentar byggðasafninu til umráða – og að Hrunamannahreppur og Héraðsnefnd tryggi fjármagn til reksturs og uppbyggingar. Mál þetta er í vinnslu.
- e) Knútur Bruun og Inga Jónsdóttir töluðu fyrir hönd **Listasafns Árnesinga**. Ánægjulegt er að segja frá því að LÁ er orðið með virtustu og best kynntu listasöfnum á landinu, og kvað Knútur það fyrst og fremst Ingu að þakka sem ynni mikið og óeigingjarnt starf við þröngan kost. Hann kvaðst mundu kveðja starf sitt sem formaður stjórnar LÁ á næstunni, en ræddi verkefni sem brýnt væri og spennandi, þ.e. að koma safninu í stafrænt umhverfi með öllum þeim möguleikum sem það byði upp á. En til þess þyrfti aukið fé. Inga Jónsdóttir sagði frá sýningum safnsins á árinu og lagði fram glæsilegar og fróðlegar sýningar skrár. Afmæli safnsins er á næsta ári og þar verður Ásgrímur Jónsson í brennidepli, auk annarra afmælisverkefna.

Skýrslur stofnana ræddar vítt og breitt, en ekki vísað til hefðbundinna starfsnefnda. Fyrir fundinum lá tillaga fjárhagsnefndar um fjárhagsáætlun næsta árs.

## Eftirfarandi var samþykkt að undangengnum umræðum og áorðnum breytingum sem allir fundarmenn tóku þátt í að meira eða minna leyti:

„Fjárhagsnefnd Héraðsnefndar Árnesinga – tillögur á haustfundi 24.október 2012

---

### Fjárhagsnefnd Héraðsnefndar skipa :

Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður, Aðalsteinn Sveinsson, Eyþór Arnalds, Guðmundur Þór Guðjónsson og Sveinn Steinarsson.

Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Ingibjörg Garðarsdóttir starfar einnig með nefndinni.

Nefndin hélt 3 fundi vegna yfirferðar á fjárhagsáætlunum stofnana Héraðsnefndar. Forstöðumenn hvernar stofnunar fyrir sig komu á fund nefndarinnar og fóru yfir áætlanir næsta árs. Fjárhagsnefnd þakkar forstöðumönnum og starfsmönnum stofnananna fyrir þeirra vinnu

### **1. Byggðasafn Árnesinga**

Tillaga safnstjóra og stjórnar gerir ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 21.200.000 kr.

Fjárhagsnefnd leggur til breytingar á áætlun safnsins. Lagt er til að færðar verði til tekna samtals 1.000.000 kr. úr dánarbúi Helga Ívarssonar, en það er hækkun um kr.500.000. Einnig leggur nefndin til að hagrætt verði í kostnaðarliðum áætlunarinnar um kr.500.000. Það er ljóst að tap á yfirstandandi ári mun verða í kringum kr. 4.000.000. Til að mæta því tapi hefur Sveitarfélagið Árborg samþykkt að greiða aukalega kr. 1.000.000 til Sjóminjasafnsins vegna vanáætlaðra greiðslna á árunum 2011 og 2012. Fjárhagsnefnd leggur til að Byggðasafnið gangi á jarðskjálftabætur til að mæta hallanum, samtals kr.2.300.000.

Fjárhagsnefnd leggur til að tekjur og gjöld vegna Kirkjubæjar verði færðar í áætlun með skýrum hætti.

*Fjárhagsnefnd leggur til að fjárveiting til Byggðasafns Árnesinga verði 20.200.000 kr. og er það hækkun um kr.2.000.000 frá árinu 2012.*

### **2. Héraðsskjalasafn Árnesinga**

Tillaga safnstjóra og stjórnar gerir ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 15.800.000 kr.

Fjárhagsnefnd leggur til breytingar á áætlun safnsins. Lagt er til að færðar verði til tekna samtals kr.1.000.000 úr dánarbúi Helga Ívarssonar. Einnig leggur nefndin til að færður verði til tekna aukinn styrkur úr Menningarsjóði Suðurlands þannig að styrkurinn verði samtals kr.1.000.000 í áætlun og framlag Héraðsnefndar lækkað á móti. Að lokum leggur nefndin til að stofnbúnaður verði lækkaður um kr. 300.000.

*Fjárhagsnefnd leggur til að fjárveiting til Héraðsskjalasafns Árnesinga verði kr.14.950.000 og er það hækkun um kr.1.250.000. frá árinu 2012.*

### **3. Listasafn Árnesinga**

Tillaga safnstjóra og stjórnar gerir ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð kr.18.650.000 ásamt kr.3.500.000 í aukaframlag sem skiptast muni þannig að Hveragerðisbær greiði kr.1.200.000 og Héraðsnefndin kr.2.300.000. Aukaframlagið er hugsað til að koma af stað verkefni sem felst í því að koma safninu á stafrænt form.

Fjárhagsnefnd leggur til breytingar á áætlun safnsins. Lagt er til að aukaframlagið verði lækkað um helming. Með því móti verður aukaframlag Hveragerðisbæjar kr.600.000 og Héraðsnefndar kr.1.150.000. Á móti er gert ráð fyrir að kostnaður tengdur verkefninu lækki um helming. Líkt og á síðasta ári leggur nefndin til að Héraðsnefnd taki nýtt lán til 24 ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að endurfjármagna eldri lán vegna Listasafns Árnesinga. Með því móti er hægt að lækka vexti og verðbætur um kr.1.900.000 frá því sem gert er ráð fyrir í áætlun.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárveiting til Listasafns Árnesinga verði samtals kr.17.900.000. og er það hækkun um 700.000 frá árinu 2012.

#### **4. Tónlistarskóli Árnesinga**

Skólastjórnendur og stjórn leggja fram tvær tillögur. Sú fyrri gerir ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð kr. 165.417.514 og er þar einungis um að ræða kjarasamningshækkun. Hækkun milli ára er þá kr. 2.330.796. Sú seinni gerir ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð kr.166.991.439. Hér er um að ræða kjarasamningshækkun ásamt aukningu um hálf stöðugildi frá og með 1.ágúst 2013 vegna rytmískrar deildar við skólann. Hækkun milli ára skv. þessari tillögu er kr.3.904.721

Fjárhagsnefnd leggur til að seinni tillagan verði samþykkt og þar með bætt við hálfu stöðugildi vegna rytmískrar deildar. Fjárveiting til Tónlistarskóla Árnesinga verði 166.991.439 kr. og er það hækkun um 3.904.721 kr. frá árinu 2012.

#### **5. Almannaþingir Árnessýslu**

Tillaga stjórnar gerir ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 2.885.000 kr.

Þar sem Almannaþingir eiga fjármuni í sjóði leggur Fjárhagsnefnd til að fjárveiting ársins verði 2.385.000 kr. og er það hækkun um 500.000 kr frá árinu 2012.

#### **6. Alviðrufélagið**

Á árinu 2012 var framlag til Alviðru lagt niður. Fjárhagsnefnd leggur til að svo verði áfram.

#### **7. Fastir styrkir**

Fjárhagsnefnd leggur til að framlög verði óbreytt frá fyrra ári 1.574.000 kr.

#### **8. Stjórnunarkostnaður**

Fjárhagsnefnd leggur til að stjórnunarkostnaður verði óbreyttur milli ára samtals 3.000.000 kr.

### Tillaga um að gera verðkönnun vegna endurskoðunarþjónustu og ársreikningagerðar

Nefndin leggur til að leitað verði leiða til að lækka kostnað vegna endurskoðunarþjónustu og ársreikningagerðar þeirra stofnana sem heyra undir Héraðsnefnd. Lagt er til að Ingibjörgu Garðarsdóttur fjárhaldsmanni verði falið að gera verðkönnun og/eða leita tilboða hjá endurskoðunarskrifstofum vegna þessa.

### Tillaga um sölu á hlutabréfum í Ramma

Fjárhaldsmanni falið að kanna verðgildi og möguleika á sölu hlutabréfa í Ramma hf.?”

Eins og áður sagði, voru þessar tillögur fjárhagsnefndar samþykktar.

<b>Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga 2013</b>						
<b>Samþykkt af Héraðsnefnd Árnesinga 24.október 2012</b>						
	<b>Árið 2012</b>	<b>Hlutfall af framlögum</b>	<b>Árið 2013</b>	<b>Hlutfall af framlögum</b>	<b>Hlutfallsleg breyting milli ára</b>	
<b>Tekjur:</b>						
<b>Framlög sveitarfélaga</b>	<b>53.174.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>57.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>8,4%</b>	
Tekið af eigin fé:						
- Hækkun á stjórnun, annað og ófyrirséð	500.000					
<b>Samtals</b>	<b>53.674.000</b>		<b>57.624.000</b>		<b>7,4%</b>	
<b>Gjöld:</b>						
Byggðasafn Árnesinga	18.200.000	34,2%	20.200.000	35,1%	11,0%	
Listasafn Árnesinga	17.200.000	32,3%	17.900.000	31,1%	4,1%	
Héraðsskjalasafn Árnesinga	13.700.000	25,8%	14.950.000	25,9%	9,1%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	3.000.000	5,6%	3.000.000	5,2%	0,0%	
Fastir styrkir	1.574.000	3,0%	1.574.000	2,7%	0,0%	
<b>Samtals</b>	<b>53.674.000</b>	<b>100,9%</b>	<b>57.624.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>7,4%</b>	
<b>Sundurliðun:</b>						
<b>Fastir styrkir</b>						
HSK	1.064.000	2,0%	1.064.000	1,8%	0,0%	
SSK	255.000	0,5%	255.000	0,4%	0,0%	
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnassýslu	255.000	0,5%	255.000	0,4%	0,0%	
<b>Samtals</b>	<b>1.574.000</b>	<b>3,0%</b>	<b>1.574.000</b>	<b>2,7%</b>	<b>0,0%</b>	
<b>Tónlistaskóli Árnesinga</b>	<b>2012</b>		<b>2013</b>		<b>milli ára</b>	
Launaliður	163.086.718		166.991.439		2,4%	
<b>Samtals</b>	<b>163.086.718</b>		<b>166.991.439</b>		<b>2,4%</b>	
<b>Almannavarnir Árnassýslu</b>	<b>1.885.000</b>		<b>2.385.000</b>		<b>26,5%</b>	
<b>Samtals</b>	<b>1.885.000</b>		<b>2.385.000</b>		<b>26,5%</b>	

8. **Kosningar.** Oddviti lagði til að kosningum yrði frestað til aukafundar, sem haldinn yrði í desember, og yrði þá kosið á grundvelli nýs sammings, og var það samþykkt.
9. **Önnur mál.** Oddviti sagði frá bréfaskiptum vegna gamallar girðingar umhverfis Laugarvatnshelli, sem héraðsnefnd var talin hafa kostað amk. að hluta á sínum tíma, en gögn liggja ekki fyrir þar um. Girðing þessi hefur nú verið tekin niður og er þar með úr sögunni.

Önnur mál lágu ekki fyrir. Oddviti þakkaði afbragðsgóðar móttökur á Eyrarbakka, svo og fundarmönnum góðan fund og sagði fundi slitið um kl. 16.00.

Halla Guðmundsdóttir  
ritari Héraðsnefndar Árnesinga.

Eftirtaldir fundarmenn sátu fundinn:

Ragnar Magnússon	<a href="mailto:ragnar@fludir.is">ragnar@fludir.is</a>
Jón Vilmundarson	<a href="mailto:jon@skeidgnup.is">jon@skeidgnup.is</a>
Drífa Kristjánsdóttir	<a href="mailto:torfast@simnet.is">torfast@simnet.is</a>
Sveinn Steinarsson	<a href="mailto:sveinn@olfus.is">sveinn@olfus.is</a>
Stefán Jónsson	<a href="mailto:stefan@olfus.is">stefan@olfus.is</a>
Aðalsteinn Sveinsson	<a href="mailto:adalsteinn@floahreppur.is">adalsteinn@floahreppur.is</a>
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	<a href="mailto:johannayrj@hveragerdi.is">johannayrj@hveragerdi.is</a>
Guðmundur Þ. Guðjónsson	<a href="mailto:gudmundur@jotunn.is">gudmundur@jotunn.is</a>
Tómas Ellert Tómasson	<a href="mailto:tomasellert@gmail.com">tomasellert@gmail.com</a>
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	<a href="mailto:thordise@arborg.is">thordise@arborg.is</a>
Eyþór Arnalds	<a href="mailto:arnalds@gmail.com">arnalds@gmail.com</a>
Sandra Dís Hafþórsdóttir	<a href="mailto:sandradis@arborg.is">sandradis@arborg.is</a>
Helgi S. Haraldsson	<a href="mailto:hjh@eimskip.is">hjh@eimskip.is</a>
Eggert Valur Guðmundsson	<a href="mailto:eggertvalur@simnet.is">eggertvalur@simnet.is</a>
Arna Ír Gunnarsdóttir	<a href="mailto:arna@arborg.is">arna@arborg.is</a>
Ari B. Thorarensen	<a href="mailto:arith@simnet.is">arith@simnet.is</a>
Gunnar Þorgeirsson	<a href="mailto:gunnar@gogg.is">gunnar@gogg.is</a>
Ingibjörg Garðarsdóttir	<a href="mailto:inga@arborg.is">inga@arborg.is</a>

(sign)